

Nýibær á Hólum í Hjaltadal



Nýibær á Hólum, skáli t.v., bæjardyr fyrir miðju og suðurstofa t.h. GLH 2007.

Byggingarár: 1860.

Hönnuður: Ókunnur.

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1958.ⁱ

Settur á fornleifaskrá 14. nóvember 1956 samkvæmt 2. gr. laga um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn nr. 8/1947 en ekki þinglýst og friðlýsingin er því ógild sbr. 6. gr. laga um verndun fornmenja nr. 40/1907.ⁱⁱ

Nýibær er torfhús um 18 m að lengd og 15 m á breidd. Bæjarhús eru sjö og er skipað niður í þrjú húsaraðir sem eru tengdar saman með bæjargöngum. Frambærinn er þrjú hús sem snúa til suðvesturs fram á bæjarhlað, skáli nyrst, bæjardyr fyrir miðju og suðurstofa annars vegar. Innan við frambæinn er hlóðældhús að norðanverðu en sunnanvert við bæjargöng eru undir einu þaki búr og eldiviðargeymsla inn af því. Innst bæjarhúsa er baðstofa. Þrír stafnar á frambænum eru klæddir slagþili. Aðrir veggir bæjarins eru torfhlaðnir og er grjót lagt í streng í neðsta hluta þeirra. Torfþekja er á öllum húsunum. Á skála og suðurstofu er krosspóstagluggi og lítill tveggja rúðu gluggi efst á hvorum stafni. Útidyr eru á miðju bæjardyrþili. Á norðausturhlið baðstofu eru þrír fjögurra rúðu póstagluggar og einn sex rúðu póstagluggi á gaffhlaði að austanverðu.

Í bæjardyrum eru torfveggir, framþil er óklætt og á milli bæjardyra og bæjarganga er þverþil úr listuðum standþiljum. Yfir bæjardyrum loft opið upp undir mæni, klætt reisifjöl á langbönd. Skáli er klæddur spjaldaþili, sléttu á göflum en breiðum listuðum og strikuðum þiljum á veggjum. Í skála er loft á bitum. Á lofti uppi yfir skála eru veggir klæddir standþiljum og yfir því er reisifjöl á langböndum. Suðurstofa er klædd spjaldaþili og loft á klæddum bitum. Veggir á lofti uppi yfir suðurstofu eru klæddir standþiljum og yfir því er skarsúð á sperrum. Í fremsta hluta bæjarganga


eru torfveggir og loft úr reisirfjöllum á langböndum. Þverpil við hlóðældhús og búr eru úr listuðum standpiljum og slagþili og yfir göngum er skarsúð. Innsti hluti ganga er klæddur standpiljum og í lofti er reisirfjöl á langböndum. Í hlóðældhúsi eru torfveggir og loft úr reisirfjöl á langböndum. Búr er klætt spjaldapili og í lofti er skarsúð á sperrum. Baðstofan er þrískipt og veggir og þverpil eru klædd spjaldapili. Yfir miðhluta baðstofu er skarsúð á sperrum í lofti en í gafflherberjum er reisirfjöl á langböndum. Bærinn er ómálaður að innan að frátalinni suðurstofu hluta suðurenda baðstofu.



Nýibær á Hólum, badstofa. GLH 2005.




Nýibær á Hólum, blóðaeldhús. GLH 2005.



SKALI í
HÉLIKU.




Þessi bygging er frá 1884, en hún
er af þessu tegundinni sem hefur
þróað sig á milli ára og er
þess vegna mjög áhugavert
á milli ára. Hún er byggð af
tré og er mjög sterk og
þess vegna er hún mjög
þægileg og hún er byggð
á milli ára og er hún
mjög sterk.




HÓLAR Í HJALTADAL
MÁLKVARDI 1:50
UPPFJALT SEPT. 1881

SVEIGI, RANSTOFA, LANSGRÖFUR, LANSGRÖFUR.


1:100




RANSTOFA, LANSGRÖFUR
Lengd A-D




SKALI, SVEIGI, LANSGRÖFUR, LANSGRÖFUR
Tegund E-F




SVEIGI, LANSGRÖFUR
Lengd G-H




SVEIGI, LANSGRÖFUR
Lengd I-J



FRAMHLID
framtíð og núverandi



SKALI, LANSGRÖFUR
Lengd K-L



SKALI, SVEIGI, LANSGRÖFUR
Lengd M-N

HÓLAR Í HJALTADAL
MÁLKVARDI 1:50
UPPFJALT SEPT. 1881

Þessi mynd sýnir hluta af byggingunni.

Nýbær á Hólum í Hjaltadal. Teikningar Stefáns Jónssonar arkitekts.

ⁱ Þjóðminjasafn Íslands. Skjalasafn húsasafns. Nýbær á Hólum í Hjaltadal.

ⁱⁱ Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskrá* 1990, 46.